

Ed.

105. Frumvarp til laga

[91. mál]

um matvælarannsóknir ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Matvælarannsóknir ríkisins. Skal hún skipuð forstöðumanni og deildarstjórum, (yfirverkfræðingi, sé um verkfræðing að ræða). Ráðherra ákveður fjölda deilda, eftir því sem fé er veitt til slíks á fjárlögum. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera örverufræðingar (matvælaglerlafræðingar), matvælaefnafræðingar, dýralæknar, matvælafræðingar eða matvælaverkfræðingar ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann og deildarstjóra, að fengnu álitum landlæknis. Forstöðumaður skal vera matvælaefnafræðingur, matvælaverkfræðingur eða matvælaglerlafræðingur. Deildarstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi, sem fullnægir kröfum um sérþekkingu í matvælafræði að mati ráðherra.

3. gr.

Matvælarannsóknir ríkisins skulu undir stjórn heilbrigðismálaráðherra annast matvæla-, efna- og örverufræðilegar rannsóknir á hvers konar matvælum og neysluvörum vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Stofnunin er til ráðuneytis landlækni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um matvælaeftirlit fjalla.

4. gr.

Stofnunin skal reka rannsóknarstofu í matvæla-, efna- og örverufræði, sem staðsett skal í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að gefa út fyrirmæli um stofnun og starfrækslu rannsóknastofa utan Reykjavíkur.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að setja viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að fela öðrum rannsóknastofnunum að annast rannsóknir sérstakra verkefna sem stofnunin getur ekki annast sjálf.

5. gr.

Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur.

6. gr.

Nú er öðrum stofnunum eða aðilum falið með sérstökum lögum að annast rannsóknir með matvælum eða neysluvörum, sem þessi lög taka til og fari fyrirmæli þessara aðila í bága við fyrirmæli þessara laga, skal skjóta ágreiningsmálum til ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

7. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum landlæknis að láta Matvælarannsóknir ríkisins rannsaka einstaka vöruflokkka eða þætti í matvælaframleiðslu að fenginni sérstakri fjárveitingu.

Matvælarannsóknnum ríkisins skal þá í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefnd heimill aðgangur til skoðunar, töku sýna og rannsókna hvar sem slík framleiðsla, tilbúningur, dreifing eða notkun fer fram.

8. gr.

Ráðherra skal heimilt að gefa út gjaldskrá fyrir aðrar raunsóknir en þjónusturaunsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins. Stofnunin gerir tillögur um slíka gjaldskrá.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Tildrög þessa frumvarps eru þau, að hinn 1. janúar 1976 tók til starfa stofnun á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem nefnd hefur verið Matvælarannsóknir ríkisins. Stofnun þessari var komið á fót af brýnni nauðsyn, þar sem þeir aðilar, sem annast höfðu gerlafræðilegt eftirlit í matvælum, lýstu yfir því, að þeir hefðu hvorki aðstöðu né tíma til áframhaldandi sérrannsókna. Voru þetta orð að sönnu, enda var þetta gerlaeftirlit í matvælum viðbótarverkefni hjá þessum aðilum.

Ljóst var því, að gerlaeftirlitið félli alveg niður um áramótin 1975—1976, yrði ekki gripið til annarra ráða. Þess vegna var ákveðið að setja á laggirnar sérstaka stofnun. Var henni skipaður forstöðumaður og tveir starfsmenn ráðnir honum til aðstoðar.

Starfsgrundvöllur stofnunarinnar er ekki lögverndaður og því engin ákvæði um hana að finna í lögum. Það var fyrst og fremst nauðsynin, sem knúði á um stofnunina og varð að horfa fram hjá því að lagaheimild skorti. Við slíkt verður að sjálf-sögðu ekki unað til langframa.

Með hildsjón af framangreindu telur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nauðsynlegt að kveðið verði á um stofnunina í lögum og er frumvarp þetta fram komið vegna þess.

Þegar frumvarp þetta er samið, hafa Matvælarannsóknir ríkisins starfað í hátt á annað ár. Er því komin töluverð reynsla á það, hvernig slíkum rannsóknum verði best háttað.

Þótt stofnuninni hafi í upphafi eingöngu verið falið að annast gerlafræðilegar rannsóknir á matvælum, svo að slíkar rannsóknir legðust ekki niður, er það álit ráðuneytisins að stofnunin eigi að taka að sér frekari rannsóknarverkefni, svo sem rannsóknir á aukefnum í matvælum, sbr. reglugerð nr. 250 frá 1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, en sú reglugerð tók gildi 1. mars 1977. Þessar rannsóknir yrðu fyrst og fremst sýnisrannsóknir vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Stofnuninni er ætlað að hafa með höndum matvælarannsóknir í landinu, fyrst og fremst rannsóknir á sýnum vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Innan þessa falla rannsóknir á magni aukefna í matvælum, sbr. reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara. Með þeirri

reglugerð fylgir sérstakur aukefnalisti um viðurkennd aukefni í matvælum og hámark þeirra. Má segja að litil von sé til þess að hægt verði að hafa eftirlit með framkvæmd þeirrar reglugerðar nema aukið starfslið komi til og þá sérstaklega á rannsóknarsviðinu.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir ákveðnum fjölda deilda við stofnunina, telur ráðuneytið rétt að til sé heimildarákvæði þess efnis, að kveða megi á um fjölda þeirra, þegar Alþingi telur slíkt kleift fjárhagslega.

Í greininni er ennig kveðið á um starfsmenn stofnunarinnar. Er þar um að ræða þá starfsmenn, sem verða að vera fyrir hendi svo að rannsóknir stofnunarinnar nái tilgangi sínum.

Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um menntun forstöðumanns og deildarstjóra, þ. e. a. s. að forstöðumaður skuli vera matvælaefnafræðingur, matvælaverkfræðingur eða matvælaglerlafræðingur. Framantaldar menntunargráður eru þær hæstu á þessu sviði. Þarfnast þetta því ekki frekari skýringa við. Á það skal drepið, að þegar eru til staðar hér á landi aðilar með þessa menntun og nokkrir aðilar eru að afla sér þeirra. Áhugi manna hefur aukist til muna fyrir þessum fræðigreinum hin síðari ár, en til skamms tíma sinntu þeim fáir. Urðu margir hverjir að leita sér atvinnu erlendis, þar sem starfsgrundvöll skortir hér heima.

Greinin kveður einnig á um menntun deildarstjóra. Ekki er nauðsynlegt að skýra það nánar hvaða menntun þeir þurfi að hafa, en tryggja verður þó sem allra besta undirstöðumenntun og sérþekkingu í matvælafræði.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um hlutverk stofnunarinnar. Stofnunin á fyrst og fremst að annast rannsóknir fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, heilbrigðisnefndir hinna einstöku sveitarfélaga svo og aðra opinbera aðila auk takmarkaðra rannsókna fyrir aðra. Á í þeim tilvikum að vera heimilt að taka greiðslu fyrir skv. sérstakri gjaldskrá, sbr. nánar 7. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti skýrir greinin sig að mestu leyti sjálf, þ. e. a. s. hvað snertir skyldu stofnunarinnar gagnvart stjórnvöldum og hinum almenna neytanda.

Hér er greint frá þeim þjónusturannsóknum, sem stofnuninni er ætlað að sinna. Þannig skal stofnunin reka rannsóknastofu í þremur aðalgreinum á verksviði slíkrar stofnunar, þ. e. a. s. í matvæla-, efna- og örverufræði. Nauðsyn slíkrar rannsóknastofu er mjög knýjandi, sbr. það sem segir hér í inngangi.

Þótt deila megi um það, hvort æskilegt sé að stofnunin verði í Reykjavík eða annars staðar, er það mat ráðuneytisins að henni verði vart komið fyrir annars staðar en í Reykjavík eins og málum er háttað, enda hefur þegar risið vísir að stofnuninni þar.

Vegna staðsetningar stofnunarinnar í Reykjavík, er nauðsynlegt að möguleikar verði fyrir hendi til að starfrækja slíkar rannsóknastofur utan Reykjavíkur og næsta nágrennis. Sem stendur hafa tvær slíkar stofur leyfi ráðherra til slíkra rannsókna. Er önnur í Vestmannaeyjum en hin á Akureyri.

Auk þess er nauðsynlegt að kveða á um það, að setja megi viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neysluvara, þar sem slíkt mundi ekki eingöngu létta störf stofnunarinnar og störf Heilbrigðiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda, heldur jafnframt stuðla að auknu öryggi hins almenna neytanda.

Þar sem óhugsandi er að stofnunin geti sinnt öllum þeim rannsóknaverkefnum, sem henni kunna að berast, er nauðsynlegt að henni verði veitt heimild til þess að fela öðrum stofnunum sérstakar rannsóknir með þeim skilyrðum, sem fram koma í greininni. Slíkar stofnanir eru þegar fyrir hendi. Er því sjálfsagt að leita til þeirra með þær rannsóknir, sem þær geta annast og hafa til þess sérfróða aðila. Má hér m. a. nefna rannsóknarstofnanir atvinnuveganna.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þar sem nokkur sérlög hafa að geyma ákvæði, er snerta rannsóknir á matvælum og neysluvörum, verður að kveða á um það, hverjum beri að úrskurða, komi til ágreinings. Eðlilegast er að slíkt úrskurðarvald sé í höndum heilbrigðismálaráðherra og að um fullnaðarúrskurðarvald sé að ræða. Ekki er gert ráð fyrir neinu millistigi, þ. e. a. s. fyrsta úrskurðarvaldi, enda má segja að margir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli teljist jafngildir þeim stofnunum, sem til greina hefðu komið sem millistigsaðilar um faglega þekkingu á þessu sviði.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að fela megi stofnuninni að rannsaka einstaka vöruflokka eða þætti matvælaframleiðslunnar að fenginni sérstakri fjárveitingu. Reynslan hefur sýnt að slíkar rannsóknir kunna að vera bráðnaðsynlegar. Er því eðlilegt að stofnunin hafi með slíkar rannsóknir að gera. Vegna þessa verður að tryggja tvímæla- lausan og sjálfsagðan rétt stofnunarinnar til skoðunar, töku sýna og rannsókna á viðkomandi stöðum, því annars er undir hælinn lagt, hvort lög sem þessi ná tilgangi sínum. Slíkt verður þó að vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Um 8. gr.

Greinin veitir ráðherra heimild til setningar gjaldskrár fyrir vissar rannsóknir á stofnuninni. Eðlilegt er að stofnunin hafi möguleika á gjaldtöku þar sem um er að ræða aðrar rannsóknir en þær, sem unnar eru á vegum heilbrigðiseftirlitsins. Slíku gjaldi yrði að sjálfsögðu að stilla mjög í hóf og má alls ekki hugsa það sem gróðaveg.

Reynslan hefur sýnt að þær rannsóknir, sem unnar eru gegn hóflegu gjaldi, verða miklu markvissari, þar sem ekki er eins mikil hættu á því, að verkefni, jafnvel óþörf hrannist upp. Þess verður þó að gæta hér að slík gjaldskrá má ekki verða hemill á viðleitni hins almenna neytanda til þess að fara fram á rannsókn. Þess vegna verður að stilla gjaldinu mjög í hóf.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.